

Fundargerð *Stjórnarfundur nr.49*

Stjórnarfundur Norðurár bs. haldinn í Þjónustuhúsinu að Stekkjarvík, þriðjudaginn 3. júlí 2012, kl. 15.00

Mætt voru Magnús B. Jónsson, Gísli Árnason, Jón Sigurðsson, Eiríkur Hauksson og Fannar Viggósson, starfsmaður Norðurár bs.


Anna Margrét Jónsdóttir og Sævar Sigurðsson, eigendur Sölvabakka og Gunnar Svavarsson frá Eflu verkfræðistofu sátu fundinn undir liðum 1-3

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Viðauki við leigusamning um land
3. Undirbúningur framkvæmda við urðunarhólf
4. Framkvæmdir og rekstur
5. Grænt bókhald
6. Ársreikningur 2011
7. Aðalfundur félagsins
8. Önnur mál

Formaður, Magnús B. Jónsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.
2. Viðauki við leigusamning um land
Samþykktur og undirritaður af hálfu stjórnar Norðurár og eigendum Sölvabakka, viðauka við leigusamning um land, þar sem fram kemur að Norðurá bs. er heimilt að urða sláturúrgang og dýrahæ, þrátt fyrir ákvæði upphaflegs leigusamnings.
3. Undirbúningur framkvæmda við urðunarhólf
Gunnar Svavarsson kynnti undirbúning framkvæmda við urðunarhólf fyrir lífrænan úrgang. Gert er ráð fyrir að allt að 1.800 tonn af lífrænum úrgangi komi til urðunar árlega. Stjórn Norðurár bs. samþykkir að auglýsa verkið í opnu útboði. Verktími verði ágústmánuður. Miðað er við að ekki þurfi að koma til langtímafjármögnunar vegna framkvæmdanna.



4. Framkvæmdir og rekstur
Fannar Viggósson fór yfir helstu atriði rekstrarins. Drenmál eru komin í lag, búið að ganga frá kaupum á notuðum troðara og keypt notað fjórhjól. Fyrstu 6 mánuði ársins hafa verið urðuð 5.280 tonn.
5. Grænt bókhald
Grænt bókhald, dagsett 8. maí síðastliðinn, tekið fyrir og staðfest af stjórn Norðurár bs.
6. Ársreikningur 2011
Ársreikningur Norðurár fyrir árið 2011 samþykktur af stjórn, áritaður og vísað til aðalfundar byggðasamlagsins.
7. Aðalfundur félagsins
Samþykkt að halda aðalfund félagsins fimmtudaginn 12. júlí næstkomandi kl. 15.00 á Skagaströnd.
8. Önnur mál
Engin

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17.20
Fundargerð ritaði Gísli Árnason